



FORELDRAVÍSIR YNGRI FLOKKAR STJÖRNUNNAR KNATTSPYRNA

YFIRLIT

AÐ BYRJA Í FÓTBOLTA

FATNAÐUR OG NÚMER

FERÐALÖG

FORELDRAR

HLUTVERK OG RÁÐ

FORELDRAFUNDIR

SAMSKIPTI

FLOKKAR

8. FLOKKUR KK / KVK

7. FLOKKUR KK / KVK

6. FLOKKUR KK / KVK

5. FLOKKUR KK / KVK

4. FLOKKUR KK / KVK

3. FLOKKUR KK / KVK

2. FLOKKUR KK / KVK

FJÁRAFLANIR

STJÖRNUBÚLLAN

FÓTBOLTAMARAÐON

DÓSASÖFNUN

ÞORRABLÓTSÞRIF



BARNIÐ MITT ER AÐ BYRJA Í FÓTBOLTA

Velkomin í Stjörnuna!

Það er misjafnt á hvaða aldri börnin eru að taka sín fyrstu skref í fótboltanum, sum eru mætt 4ra ára en önnur byrja mun seinna. Í þessari handbók er veitt innsýn inn í starfið, við hverju má búast, æfingar, mót o.fl. Handbókin er þó engan veginn tæmandi og er ætluð til fróðleiks og leiðbeiningar. Tímabilið í fótbolta er frá september til ágúst en á það til að færast aftur um einn mánuð í elstu flokkunum.

HVERNIG SKRÁI ÉG BARNIÐ?

Þegar iðkandi kemur í starf félagsins er mikilvægt að skrá viðkomandi strax sem iðkanda. Í upphafi hvers tímabils hafa foreldrar tvær vikur til að ganga frá skráningu og greiðslu við félagið. Foreldrar bera ábyrgð á skráningu iðkenda. Skráning fer fram í **Sportabler** appinu. Þjálfarar í samvinnu við framkvæmdarstjóra og skrifstofu fylgjast með skráningu og geta vísað óskráðum þátttakendum af æfingum.

HVERNIG GREIÐI ÉG ÆFINGAGJÖLD?

Æfingagjöld eru rukkuð inn í gegnum **Sportabler** og er gjaldið endurskoðað árlega. Hvatapeninga Garðabæjar er hægt að nýta til lækkunar gjaldsins. Mikilvægt er að ganga frá æfingagjöldum til að iðkandi megi taka þátt á æfingum og í mótum. Allar spurningar varðandi æfingagjöld og greiðslur fara í gegnum skrifstofu félagsins (sími 5651940 eða netfangið stjarnan@stjarnan.is)

KOSTNAÐUR

Það er ýmis kostnaður sem fylgir fótboltaíðkun. Það eru æfingagjöld, fatnaður, mótakostnaður innanlands sem og erlendis svo það helsta sé nefnt. Alltaf er reynt að vera með góðar fjáraflanir þegar á að fara á stærri mót til að lækka kostnað og reynt er að halda kostnaði í lágmarki til að gefa flestum kost á að vera með.

ÆFINGAFATNAÐUR

Stjarnan hvetur iðkendur til að mæta í Stjörnu-fatnaði á æfingar eða allavega í Stjörnulitunum. Um leið og iðkendur fara að keppa þá er skylda að eiga keppnistreyju með númeri.

Stjarnan spilar í PUMA búningum sem fást hjá Margt smátt. Einnig er hægt að panta föt á www.teamsport.is/pages/stjarnan

Nánar er hægt að lesa um fatnað og númerakerfi á næstu síðu.

SKIPULAG

Þjálfarar sjá um skipulag æfinga, leikja og móta og fara þeirra samskipti fram í Sportabler appinu og Sideline (XPS) appinu. Foreldrar halda sínum samskiptum á Facebook síðu hvers flokks, sem stofnuð er eftir foreldrafund haustsins. Þar er rætt um félagsleg málefni flokksins; fjáraflanir, mót o.fl. Svokallað KSÍ frí er yfirleitt í 2 vikur fyrir og í kringum verzlunarmannahelgina þó svo það geti verið mismunandi milli flokka. Æfingatafla fyrir næsta tímabil kemur út í lok ágúst.

MÓT

Mismunandi er milli flokka hvaða mótum er tekið þátt í. Þjálfarar tilkynna mótin með nokkrum fyrirvara en búast má við að liðsskipan sé ekki tilkynnt fyrr en 2-3 dögum fyrir leik/mót. Þegar komið er upp í 5. flokk fara liðin að taka þátt í mótum á vegum KSÍ en þá eru um að ræða einn og einn leik í stað margra á stuttum tíma. Nánari upplýsingar um mót eru í Mótahandbók Stjörnunnar.

HVAD GET ÉG GERT SEM FORELDRI?

Að vera með barn í íþróttum kallar á virkni foreldra. Það eru alltaf næg verkefni fyrir áhugasamt fólk. Öllum er velkomið að bjóða sig fram í foreldraráð, sem liðsstjóra og fararstjóra svo eitthvað sé nefnt. Einnig eru fjölmörg handtök á mótum úti á landi sem mikilvægt er að foreldrar skipti á milli sín.

MÆTA Á FORELDRAFUNDI

Það er gott að vera upplýst foreldri. Á haustin halda þjálfarar foreldrafund þar sem farið er yfir starf tímabilsins. Þar geta foreldrar boðið sig fram í foreldraráð. Einnig er mikilvægt að vera meðlimur á þeim samskiptamiðlum sem notaðir eru í flokknum og fylgjast reglulega með því sem þangað er sett inn. Sein svörun tefur vinnu foreldraráða og þjálfara, því er gott að bregðast hratt við þegar beðið er um skráningar eða upplýsingar.

Börn eru í fótbolta af ólíkum hvötum. Fyrst og fremst eru þau þarna til að þroskast og dafna og skemmta sér í góðum félagskap. Það er getuskipt, bæði á æfingum og í keppni og má búast við því að það aukist eftir því sem þau eldast. Það er undir okkur komið að styðja börnin okkar á þeim stað sem þau eru í íþróttinni.

FATNAÐUR OG NÚMERAKERFI



Knattspyrnudeild Stjörnunnar keppir í **PUMA** fatnaði. Hann er seldur hjá **Margt smátt**. Einnig er hægt að panta föt á www.teamsport.is/pages/stjarnan. Keppnisgalli iðkenda samanstendur af númeraðri treyju, stuttbuxum og sokkum auk legghlífa og takkaskóa. Allt þar fyrir utan er val hvers og eins. Yfirleitt ákveða flokkar þegar farið er á sumarmótin að vera í samskonar peysu/fatnaði og er það verkefni foreldraráðs hvers og eins flokks að ákveða það og panta. **Mikilvægt að allir séu í eins fatnaði, það eflir samstöðu og eykur liðsanda.**

KEPPNISGALLINN

Við keppni skulu iðkendur vera í fatnaði merktum Stjörnunni. Á Íslandsmóti er dómara heimilt að vísa leikmanni af velli sé hann ekki í búningi félagsins. Keppnisbúningur samanstendur af eftirfarandi:

- Blá Puma treyja (stutterma eða síðerma)
- Hvítar Puma stuttbuxur
- Bláir fótboltasokkar
- Legghlífar
- Takkaskór / gervigrasskór
- Treyjan verður að vera merkt með númeri á baki en einnig er gott að merkja stuttbuxur.
- Auk þess er gott að eiga síðerma Stjörnutreyju, rennda og/eða hálfrennda, vindjakka og síðar buxur.

Stjarnan heldur ekki úti búningasettum og sjá því iðkendur alfarið um sinn búning, þ.e. að halda utan um hann, þrifa og mæta með hann í leiki og viðburði þegar við á. Einungis í elstu flokkum félagsins (2. og 3. flokk) er félagið með varabúninga (hvítar treyjur) þegar á þarf að halda.

ÆFINGAFATNAÐUR

Hjá Stjörnunni er lögð áhersla á að iðkendur mæti í bláum Stjörnufatnaði á æfingar. Við hvetjum því foreldra til að senda iðkendur bláklædd á æfingar. Það hefur sýnt sig að sjónræn áhrif af bláum æfingafatnaði styrkir félagsanda og fagmennsku í kringum æfingar.

- Númer 1 – klæða sig eftir veðri**
- Stuttbuxur / kvartbuxur / íþróttabuxur
- Hálskragi, húfa og vettlingar
- Æfingatreyja (ekki vera með hettur á æfingum)
- Takkaskór / gervigrasskór
- Innanhússkór ef æft er á parketi
- Gott að vera í léttum gammosíum eða hlaupabuxum undir stuttbuxum, sér í lagi þegar æft er utandyra í kulda.

MÁ ÉG VELJA TREYJUNÚMER?

Stjarnan notar númerakerfi og geta iðkendur því ekki valið sitt eigið númer. Ef iðkandi fæðist á sléttu ári þá fær hann slétt númer á treyju og oddatölu ef iðkandi fæðist á oddatöluári. Reynt er að komast hjá því að fleiri en einn iðkandi sé með sama númer í 8. – 5. flokk en þegar komið er upp í 4. flokk er óleyfilegt að sama númer sé í notkun af tveimur iðkendum eða fleiri. Margt smátt heldur utan um númer og úthlutanir þeirra. Þegar kemur að númerum aftan á keppnistreyju iðkanda eiga eftirfarandi reglur við:

ÚTILEIKMENN


Iðkendum er úthlutað númeri þegar þeir hefja æfingar í fyrsta sinn. Það getur þó komið fyrir að fleiri en einn iðkandi hafi sama númer og er það í lagi í 5., 6., 7. og 8. flokk. Þegar komið er upp í 4., 3. og 2. flokk þurfa númer að vera einkvæm, þ.e. sama númer ekki í notkun hjá fleiri en einum iðkanda.

Mikilvægt er að iðkandi sé með sama númer í leikjum og mótum vegna leikskýrslugerðar hjá KSÍ. Iðkendur eru fastir með sín númer inni í gagnagrunni sambandsins. Upplýsingar um leiki, mörk og annað byggjast á treyjunúmeri iðkenda.

MARKMENN

Í 7. og 8. flokk þurfa iðkendur ekki að vera í sér markmannstreyjum. Leyfilegt er að vera í Stjörnutreyju sem markmaður í leikjum og á mótum. Eftir það þarf að vera í markmannstreyju sem er í öðrum lit en útileikmenn spila í.

Í 5., 6., 7. og 8. flokk eru markmenn með treyjunúmerið 1. Í 4., 3. og 2. flokk fá markmenn úthlutað föstu númerum eins og útileikmenn félagsins.



FERÐALÖG

Á hverju ári er fjöldi ferða hjá hverjum flokki um allt land. Knattspyrnudeild Stjórnunnar leitast við að velja hagstæðasta ferðamátann þegar iðkendur fara á mót á vegum KSÍ en það eru Íslandsmótið, Bikarkeppni KSÍ og Faxaflóamótið. Hér má lesa helstu reglur og leiðbeiningar varðandi ferðalög iðkenda. [Allar undantekningar frá reglum þessum skulu samþykktar af barna- og unglingaráði. Beiðni sendist á \[bogu.knattspyrna@stjarnan.is\]\(mailto:bogu.knattspyrna@stjarnan.is\)](#)

EINKABÍLL, RÚTA EÐA FLUG

- EINKABÍLL**
Ávallt skal reynt að fara á einkabílum, en annars er pöntuð rúta og skal hún uppfylla öryggiskröfur þannig að í henni séu öryggisbelti fyrir hvern iðkanda. Rútuferð skal skoða ef leikstaður er umfram 100 km í burtu.
- RÚTA**
Rúta skal bókuð í gegnum Stjórnuna með góðum fyrirvara til að tryggja framboð og verð. Beiðni um bókun á rútu skal berast á Bjarna, bjarni@stjarnan.is.
- FLUG**
Ekki er gert ráð fyrir að lið fljúgi í leiki. Eina undantekningin eru leikir í nágrenni Egilsstaða.

REGLUR VEGNA FERÐA Á ÍSLANDSMÓT OG BIKARMÓT KSÍ

- Iðkandi ber ferðakostnað við ferðalög á leiki í Íslandsmóti KSÍ og Bikarkeppni KSÍ.**

Ferðamáti	Kostnaður
Einkabíll	Greitt af iðkendum
Rúta*	Greitt af iðkendum
Flug (Egilsstaðir)	Iðkandi greiðir 15.000 kr. Stjarnan rest.

* Iðkandi greiðir að hámarki 10.000 kr., Stjarnan rest.

Mikilvægt er að huga að ferðatilhögun með góðum fyrirvara til að tryggja gott verð. Foreldraráð hvers flokks kemur að skipulagningu ferða og skal hún unnin í samráði við þjálfara flokksins. Þjálfarar flokka reyna eftir fremsta megni að sameina leiki og ferðir til að minnka kostnað.

Stjarnan greiðir í öllum tilfellum ferðakostnað fyrir þjálfara vegna ferða á Íslandsmót og bikarmót KSÍ. Stjarnan greiðir ennfremur fyrir gistingu þjálfara vegna ferða á Íslandsmót og bikarmót KSÍ. Foreldraráð flokka er þjálfara til aðstoðar við bókun á gistingu. Ekki er gert ráð fyrir að gist sé nema um fleiri en einn leik sé að ræða á tveimur dögum.

- LEIKIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG NÁGRENNI**
Ef farið er í leiki á Suðurnesjum, Suðurlandi eða Vesturlandi þá er ætlast til að iðkendur komi sé þangað sjálfir og ekki er greiddur ferðakostnaður á þessa staði. Ferðalög í kringum Faxaflóamót og önnur mót er á ábyrgð foreldra.
- FERÐIR UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS OG NÁGRENNIS**
Ávallt skal reynt að fara á einkabílum, en annars er pöntuð rúta og skal hún uppfylla öryggiskröfur þannig að í henni séu öryggisbelti fyrir hvern iðkanda.

REGLUR VEGNA FERÐA Á ÖNNUR MÓT

- Þegar farið er á mót utan Íslandsmóts og Bikarkeppni KSÍ skal allur kostnaður iðkanda og þjálfara greiddur af iðkendum flokksins.** Foreldraráð hvers flokks skal sjá um ferðatilhögun iðkenda og þjálfara á sumarmótin. Mikilvægt er að bóka ferðir og gistingu, ef við á, með góðum fyrirvara. Kostnaður við sumarmótin getur verið töluverður og því er lagt til að foreldraráð búi til einhverskonar fjáraflanir í tengslum við þessar ferðir. Þjálfurum þarf að útvega gistingu og greiða matarpeninga fyrir hvern dag. Matarpeningar eru 10.000 kr. hvern dag. Ef yngri aðstoðarþjálfarar mæta með þjálfurum skulu þeir fá matarpening upp á 5.000 kr.

HLUTVERK FORELDRA – VILTU VERA MEÐ?



Foreldrar barna í íþróttum skipa veigamikilið hlutverk í starfsemi íþróttafélaga. Þeir eru í hinum ýmsu störfum eins og foreldraráðum, barna- og unglingaráði, liðstjórn og fararstjórn, mótastjórn á stóru mótunum okkar, dómara og fl. Mikilvægt að hafa í huga að margar hendur vinna létt verk. Munið að hagsmunir okkar, iðkenda og félagsins fara saman. Foreldrar, stjórnarmenn, þjálfarar og iðkendur eiga að vinna hlutina í sameiningu og styðja við starf hvors annars.

FORELDRARÁÐ

Hver flokkur skipar foreldraráð á foreldrafundi á haustin sem þjálfari boðar til. Að jafnaði skulu a.m.k fimm foreldrar skipa foreldraráð, gott að miða við jöfn hlutföll af yngri og eldra ári. Sé vilji hjá fleiri foreldrum að taka þátt í starfinu er það velkomið enda margir flokkar félagsins fjölmennir og nóg af verkefnum. Helstu hlutverk innan ráðsins eru:

FORMAÐUR

Sá aðili er ábyrgur gagnvart samskiptum við barna- og unglingaráð og er helsti tengiliður við þjálfara.

GJALDKERI

Sér um utanumhald með fjármunum sem koma inn í fjáröflunum og greiðslu á kostnaði.

MEÐSTJÓRNENDUR

Það getur verið gott að ákveðnir aðilar innan foreldraráða taki að sér umsjón yfir ákveðnum verkefnum. Til dæmis fjáröflun, ferðaskipulag o.s.frv

- | | |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Foreldraráð skulu hafa eftirlit með störfum þjálfara og veita þeim það aðhald og stuðning sem þurfa þykir. | <input type="checkbox"/> Foreldraráð skulu skipuleggja allar styttri ferðir flokka á Íslandsmót og æfingamót í samvinnu við þjálfara. |
| <input type="checkbox"/> Foreldraráð sinna mikilvægum verkefnum vegna keppnisferða, fjáraflana, foreldrafunda og jafnvel undirbúnings fyrir leiki ef þess er þörf og annarra verkefna þar að lútandi fyrir viðkomandi flokk. | <input type="checkbox"/> Foreldraráð kallar foreldra í flokknum á aðra fundi eftir því sem þurfa þykir, gjarnan þegar kemur að skipulagningu á stærri viðburðum eins og keppnisferðum. |
| <input type="checkbox"/> Foreldrar skulu að öllu jöfnu kosta ferðir og uppihald á óopinber mót (N1 mót, Pæjumót o.þ.h) og skal foreldraráð koma af stað fjáröflunum til að standa straum af kostnaði. | <input type="checkbox"/> Í yngri flokkum félagsins er gott að blanda foreldraráð af reyndum foreldrum úr starfinu sem og nýjum aðilum, þannig að sem flestir hafi kynnst starfi flokkana. |
| <input type="checkbox"/> Foreldraráð 5. flokks og niður í 8. flokk sitja skipulagsfundi TM-mótsins enda eitt af stóru verkefnum foreldraráðanna. | <input type="checkbox"/> Foreldraráð sjá til þess að þjálfarar fái greitt fyrir viðveru sína á mótum sem innihalda gistingu. Nánar má finna um það í mótahandbók. |
| <input type="checkbox"/> Foreldraráð sér um innheimtu á greiðslu iðkenda fyrir mót. Foreldraráð hjálpar einnig þjálfurum við að finna gistingu þegar við á. | <input type="checkbox"/> Foreldraráð skipuleggur félagslega viðburði yfir tímabilið í flokknum. |
| <input type="checkbox"/> Rekstrarstjóri heldur utan um lista yfir foreldraráð hvers flokks og skal hann uppfærður árlega. | <input type="checkbox"/> Foreldraráð skipuleggur lokahóf flokksins í enda tímabils. Lokahóf félagsins inniheldur ekki persónulegar viðurkenningar eða verðlaun og er hugsað sem hópefli. |

Foreldraráði er ætlað að vera tengiliður foreldra við þjálfara og stjórn barna- og unglingaráðs. Í því felst m.a. að koma ákvörðun barna- og unglingaráðs til foreldra þar sem við á, koma athugasemdom og kvörtunum foreldra til ráðsins og þar sem það á við að vera tengiliður milli foreldra og þjálfara um vandmál eða spurningar sem upp kunna að koma.



SJÁLFBOÐALIÐAR

Fjölmörg hlutverk eru í íþróttastarfi og alltaf vel liðið að sem flestir taki þátt. T.d. að vera dómari í leikjum, aðstoða við fjáraflanir, taka þátt í þrífum á Stjörnusvæðinu o.s.frv. Hægt er fyrir áhugasama að sækja stutt dómaramámskeið hjá KSÍ.

BARNA OG UNGLINGARÁÐ (BUR)

Stjórn barna- og unglingaráðs er skipað a.m.k. fjórum aðilum, þ.e. formanni, gjaldkera og meðstjórnendum. Val í ráðið er á höndum formanns þess. Formaður barna- og unglingaráðs á sæti í stjórn deildar og myndar þar með tengsl á milli stjórnar og barna- og unglingaráðs.

Formaður BUR er forsvarsmaður barna- og unglिंगastarfs deildarinnar og vinnur með stjórnendum félagsins að stefnumótun, samræmingu vinnubragða innan einingarinnar, milli ólíkra eininga félagsins og skipulagi deildarinnar í heild. Hann gætir þess að jafnréttis-, siða- og öðrum reglum félagsins sé fylgt eftir í barna- og unglिंगastarfi deildarinnar. Hefur yfirumsjón með barna- og unglिंगastarfi deildarinnar og er tengiliður barna- og unglingaráðs við yfirþjálfara, stjórn deildarinnar og framkvæmdastjóra.

Barna- og unglingaráð heldur utan um starfsemi yngri flokka Stjörnnunnar í samráði við stjórn deildar, yfirþjálfara, rekstrarstjóra og framkvæmdastjóra

■ Félaglegt hlutverk og verkefni BUR

- Gætir hagsmuna iðkenda og foreldra.
- Tryggja að foreldrar geti með frumkvæði sínu og hugmyndum eftir íþróttastarfið.
- Stuðla að góðu samstarfi milli iðkenda, starfsmanna og þjálfara.
- Stuðla að vellíðan iðkenda.
- Tryggja jafnræði í starfi.
- Stuðla að árangríkri umgjörð og markvissri uppbyggingu íþróttastarfsins.
- Stuðla að innihaldsríku og uppbyggjandi félagsstarfi.
- Tryggja aðgengi þjálfara að menntun.
- Vera trúnaðarráð þjálfara.
- Gæta þess að foreldraráð flokka séu með félagaslega viðburði á hverri önn fyrir sinn flokk.

**Upplýsingar um meðlimi barna- og unglingaráðs hvers tíma
má finna á heimasíðu Stjörnnunnar**
stjarnan.is/pages/barna-og-unglingastarf

Foreldrar og forráðamenn geta haft samband við BUR með því að senda póst á
bogu.knattspyrna@stjarnan.is



FORELDRAFUNDIR Á HAUSTIN

Á hverju hausti heldur hver flokkur foreldrafund fyrir foreldra. Fundurinn er kynning á þjálfurum og uppsetningu tímabilsins. Mikilvægt er að foreldrar sitji fundinn til að kynna þjálfurum, fá upplýsingar um mót flokksins og taka þátt í foreldrastarfi félagsins.

Aðalþjálfari hvers flokks boðar til foreldrafundarins eins fljótt og auðið er eftir að nýtt tímabil hefst. Á fundinum er farið er yfir áherslur í starfinu ásamt því að mynda foreldraráð fyrir flokkinn. Ýmis verkefni skapast í kringum starf félagsins og mikilvægt að hittast í upphafi tímabils, heyra í þjálfara flokksins og kynna foreldrahópnum og verkefnum tímabilsins. Auk þessa mætir fulltrúi frá barna- og unglingaráði og kynna starf þess.

ÞJÁLFAVARAR

Þjálfari boðar til fundarins og býður fólk velkomið og fer yfir eftirfarandi atriði:

- Þjálfara og aðstoðarþjálfara
- Æfingatöflu og æfingatíma.
- Hvernig fyrsti mánuðurinn hefur gengið
- Fjallar um stærð og skipulag flokksins
- Fjallar um uppsetningu æfinga
- Hver eru áhersluatriði í þjálfuninni
- Mót og verkefni flokksins
- Hlutverk foreldra og óskar eftir framboði í foreldraráð
- Praktísk atriði
- Þjálfarar taka við spurningum

FORELDRAR

Foreldraráð er skipað á fundinum og hafa allir rétt á að bjóða sig fram, bæði nýir foreldrar og reynsluboltar. Hlutverk ráðsins er að:

- Skipuleggja ferðir í kringum mót
- Skipuleggja félagslega viðburði í kringum starfið
- Veita þjálfara og iðkendum aðhald í starfinu
- Hafa umsjón með myndatökum á leikjum og mótum
- Aðstoða þjálfara við að innheimta greiðslur fyrir mót
- Skipuleggja fjáraflanir
- Koma upplýsingum um tengiliði foreldraráðs til barna og unglingaráðs

Nánar er fjallað um starfsemi foreldraráða aftar í handbókinni.

➔ **Foreldraráð er hvatt til að hefja starf sitt strax eftir fundinn enda fjölmargt sem þarf að sinna í tíma, m.a. varðandi mót innanlands og utan.**

SAMSKIPTI FORELDRA OG ÞJÁLFARA



Til þess að skapa góðan anda og flæði í starfi iðkenda félagsins þurfa samskipti þjálfara og foreldra / forráðamanna að vera góð. Heilbrigð samskipti þar sem unnið er í sameiningu að markmiðum félagsins eru nauðsynleg í starfi félagsins. Foreldrar eru hvattir til að styðja við þjálfara á meðan tímabili stendur til að stuðla að ánægju og árangri iðkenda.

■ SAMSKIPTI EFTIR FLOKKUM

Foreldrar eru beðnir um að nálgast ekki þjálfara eða starfsfólk Stjórnunnar í gegnum persónulegar Facebook síður þeirra. Höldum samskiptum faglegum.

- Frá 8. flokk og út 5. flokk eru samskiptin eingöngu við foreldra.
- Í 4. flokki eru samskipti bæði við iðkendur og foreldra.
- Í 3. flokki eru samskiptin aðallega við iðkendur en helstu upplýsingum komið á foreldra.
- Í 2. flokki eru samskiptin nánast eingöngu við iðkendur.

■ SAMSKIPTALEIÐIR

Ætli foreldrar að koma spurningum og upplýsingum á framfæri notast Stjarnan við eftirfarandi samskiptaleiðir:

- Skoða skal hvort upplýsingar hafi komið fram á heimsíðu / upplýsingasíðu flokksins áður en haft er samband við þjálfara flokksins
- Passa skal að vera ekki í stanslausu sambandi við þjálfara. Iðkendur í flokkum eru margir og skal reyna að takmarka fyrirspurnir nema þegar nauðsyn krefst.
- Óski þjálfari eftir að fá frið frá símtölum á ákveðnum tímum dagsins skal virða það öllum stundum. Sýnum þjálfurum virðingu og virðum tíma þeirra
- Þjálfari hvers flokks gefur oftast út leiðbeiningar á foreldrafundum hvaða samskiptaform skal notast við þ.e. símtöl, Sportabler, sms, email o.s.frv.

➔ **Foreldrar eru beðnir um að forðast að ræða liðsval og framkvæmd leikja við þjálfara á leikdegi.**

■ ATHUGASEMDIR VIÐ STARF FLOKKSINS

Almennar athugasemdir um starf flokksins skulu berast foreldraráði flokksins.

Foreldraráð flokksins getur komið upplýsingum áfram til þjálfara, yfirþjálfara, framkvæmdarstjóra eða barna- og unglíngaráðs eftir sem við á hverju sinni.

Foreldrar geta einnig haft samband beint við yfirþjálfara eða barna- og unglíngaráð ef þurfa þykir.

Foreldrar skulu forðast að senda pósta í reiði eða bræði beint á þjálfara eða yfirþjálfara deildarinnar.

■ ATHUGASEMDIR VIÐ STARF FÉLAGSINS

Allar athugasemdir um starf félagsins skulu berast yfirþjálfara eða framkvæmdarstjóra félagsins.

Foreldrar geta einnig haft samband beint við yfirþjálfara eða barna- og unglíngaráð ef þurfa þykir.

HVERNIG STEND ÉG MIG SEM FÓTBOLTAFORELDRI



Góður árangur barns þíns í knattspyrnu eða skortur á árangri endurspeglar ekki foreldra-hæfileika þína. Það að eiga barn sem tekur skilaboðum vel, ber virðingu, er góður liðsfélagi, er andlega sterkt og reynir alltaf sitt besta endurspeglar miklu frekar foreldrahæfileika þína.

- ➔ Mistök eru sönnun þess að þú sért að reyna - þess vegna viljum við að yngri iðkendur hræðist ekki slíkt.
- ➔ Knattspyrna er tilfinningarík íþrótt en mistök iðkenda, dómara og þjálfara ber að virða án hrópa og kalla - þetta er allt hluti af leiknum.
- ➔ Keppnisskap og sigurhefð lærist ekki í yngstu flokkunum í knattspyrnu. Úrslit og bikarar skipta minna máli í stóru myndinni.
- ➔ Leggjum ekki áherslu á sigur heldur það sem skiptir mestu máli; tæknileg atriði og grunnfærni í leiknum og gleðin við að æfa íþróttina.
- ➔ Ekki taka keppni barnsins þíns of alvarlega, þrátt fyrir að barnið þitt sýni hæfileika snemma.
- ➔ Jákvæð endurgjöf er mikilvægast að öllu. Bílferðin heim eftir leiki er einn mikilvægasti tíminn. Ekki gleyma þér í gagnrýninni, heldur gefið ykkur tíma til að ræða upplifunina af leiknum. Ræðið það jákvæða sem hægt er að nýta sér í næsta leik. Finnið ánægjuna af atburðinum og ekki gleyma sér í alvörunni, fótbolti á að vera skemmtilegur.
- ➔ Í leikjum er það hlutverk þjálfara að koma skilaboðum inn á völlinn, hlutverk foreldra er að hvetja liðið sem heild.
- ➔ Farðu í gegnum keppnisrúttínuna með barninu. Spila heiðarlega, hlusta vel á þjálfarann í hálfleik og þakka andstæðingum og dómara fyrir leikinn í lok leiks.
- ➔ Börn upplifa sjálfstraust í öruggu umhverfi ef þau fá stuðning hvort sem þau vinna eða tapa leikjum. Pressa á sigur hefur neikvæð langtíma áhrif á upplifun og áhugahvöt barnsins
- ➔ Draumur um árangur er góður en passa þarf að hann sé draumur barnsins en ekki foreldranna, það hjálpar við að stjórna væntingum.
- ➔ Alls ekki múta barninu þínu með verðlaunum eða vinningum heima fyrir, það brengrar bæði upplifun barnsins þíns og allra annarra af leiknum. Iðkandi sem fær pening fyrir að skora verður líklega ekki góður liðsmaður.
- ➔ Hrósaðu fyrir allskonar atriði í leiknum, ekki bara mörk og sigra. Atriði sem gott er að hrósa eru t.a.m virðing fyrir andstæðing, hvatning til liðsfélaga, hlaup án bolta o.s.frv.
- ➔ Reyndu að hvetja til mikillar vinnusemi á vellinum og fyrir leiki. Vinnusemi sigrar hæfileika þegar hæfileikinn sýnir ekki vinnusemi.

Rannsóknir sýna að börnin líta á upplifunina að spila ofar því að ná úrslitum.

FLOKKAR

YFIRLIT YFIR HELSTU VERKEFNI
HVERS FLOKKS

8. FLOKKUR KK



Í 8. flokki karla eru strákar á fimmta og sjötta ári.

Flokkurinn tekur þátt í TM mótí Stjörnunnar. Nokkur önnur mót eru í boði fyrir þennan aldursflokk og er það í höndum þjálfara og foreldraráðs hvort farið verði á einhver slík.

Liðsskipan er í höndum þjálfara.

ÆFINGAR

Flokkurinn æfir 2x í viku í 45 mínútur í senn. Lagt er upp með að iðkendur kynnist íþróttinni, læri grundvallaratriði og skemmti sér. Æfingarnar fara fram á Stjörnusvæðinu og í Miðgarði.

SAMSKIPTI

Þjálfarar nota Sportabler fyrir æfingar og samskipti. Stjarnan sendir einnig pósta í gegnum Sportabler og tölvupóst um ýmislegt annað utan leikja og æfinga.

Foreldraráð flokksins stofnar Facebook síðu í upphafi hvers árs sem notuð er til að halda utan um félagslegt starf, fjáraflanir, ferðir og mót. Það er einnig í höndum foreldraráðs að uppfæra þennan hluta handbókarinnar eins og við á hverju sinni. Foreldraráð stofnar einnig samskipamáta til að halda utan um skipulag innan ráðsins. Gott er að nýta Google docs til að hafa yfirsýn yfir starfið fyrir foreldraráð.



HELSTU VERKEFNI

Mót innanlands
TM mót Stjörnunnar

DAGSKRÁ TÍMABILSINS

SEP Flokkaskipti

OKT Foreldrafundur og foreldraráð myndað

NÓV

DES Jólafri seinni part desember

JAN

FEB

MAR

APR TM mót Stjörnunnar

MAÍ

JÚN

JÚL KSÍ frí seinni part júlí

ÁGÚ

8. FLOKKUR KVK



Í 8. flokki kvenna eru stelpur á fimmta og sjötta ári.

Flokkurinn tekur þátt í TM móti Stjórnunnar og Síamótinu í Kópavogi. Nokkur önnur mót eru í boði fyrir þennan aldursflokk og er það í höndum þjálfara og foreldraráðs hvort farið verði á einhver slík.

Liðsskipan er í höndum þjálfara.

ÆFINGAR

Flokkurinn æfir 2x í viku í 45 mínútur í senn. Lagt er upp með að iðkendur kynnist íþróttinni, læri grundvallaratriði og skemmti sér. Æfingarnar fara fram á Stjörmusvæðinu og í Miðgarði.

SAMSKIPTI

Þjálfarar nota Sportabler fyrir æfingar og samskipti. Stjarnan sendir einnig pósta í gegnum Sportabler og tölvupóst um ýmislegt annað utan leikja og æfinga.

Foreldraráð flokksins stofnar Facebook síðu í upphafi hvers árs sem notuð er til að halda utan um félagslegt starf, fjáraflanir, ferðir og mót. Það er einnig í höndum foreldraráðs að uppfæra þennan hluta handbókarinnar eins og við á hverju sinni. Foreldraráð stofnar einnig samskipamáta til að halda utan um skipulag innan ráðsins. Gott er að nýta Google docs til að hafa yfirsýn yfir starfið fyrir foreldraráð.



HELSTU VERKEFNI

Mót innanlands
Litla Síamótið
TM mót Stjórnunnar

DAGSKRÁ TÍMABILSINS

SEP Flokkaskipti

OKT Foreldrafundur og foreldraráð myndað

NÓV

DES Jólafrí seinni part desember

JAN

FEB

MAR

APR TM mót Stjórnunnar

MAÍ

JÚN Síamótið í Kópavogi

JÚL KSÍ frí seinni part júlí

ÁGÚ

7. FLOKKUR KK



Í 7. flokki karla eru strákar á sjöunda og áttunda ári.

Flokkurinn tekur þátt í TM mótí Stjórnunnar og Norðurlásmótinu á Akranesi. Nokkur önnur mót eru í boði fyrir þennan aldursflokk og er það í höndum þjálfara og foreldraráðs hvort farið verði á einhver slík.

Liðsskipan er í höndum þjálfara.

ÆFINGAR

Flokkurinn æfir að jafnaði 3x í viku í 60 mínútur í senn. Lagt er upp með að iðkendur haldi áfram að kynnst íþróttinni, læri grundvallaratriði og skemmti sér. Æfingarnar fara fram á Stjórnusvæðinu og í Miðgarði.

SAMSKIPTI

Þjálfarar nota Sportabler fyrir æfingar og samskipti. Stjarnan sendir einnig pósta í gegnum Sportabler og tölvupóst um ýmislegt annað utan leikja og æfinga.

Foreldraráð flokksins stofnar Facebook síðu í upphafi hvers árs sem notuð er til að halda utan um félagslegt starf, fjáraflanir, ferðir og mót. Það er einnig í höndum foreldraráðs að uppfæra þennan hluta handbókarinnar eins og við á hverju sinni. Foreldraráð stofnar einnig samskipamáta til að halda utan um skipulag innan ráðsins. Gott er að nýta Google docs til að hafa yfirsýn yfir starfið fyrir foreldraráð



HELSTU VERKEFNI

Mót innanlands
Norðurlásmótið Akranesi
TM mót Stjórnunnar

DAGSKRÁ TÍMABILSINS

SEP Flokkaskipti

OKT Foreldrafundur og foreldraráð myndað

NÓV

DES Jólafrí seinni part desember

JAN

FEB

MAR

APR TM mót Stjórnunnar

MAÍ

JÚN Norðurlásmótið á Akranesi

JÚL KSÍ frí seinni part júlí

ÁGÚ

7. FLOKKUR KVK



Í 7. flokki kvenna eru stelpur á sjöunda og áttunda ári.

Flokkurinn tekur alltaf þátt í TM móti Stjörnunnar og Síma-mótinu. Nokkur önnur mót eru í boði fyrir þennan aldursflokk og er það í höndum þjálfara og foreldraráðs hvort farið verði á einhver slík.

Liðsskipan er í höndum þjálfara.

ÆFINGAR

Flokkurinn æfir að jafnaði 3x í viku í 60 mínútur í senn. Lagt er upp með að iðkendur haldi áfram að kynnst íþróttinni, læri grundvallaratriði og skemmti sér. Æfingarnar fara fram á Stjörnusvæðinu og í Miðgarði.

SAMSKIPTI

Þjálfarar nota Sportabler fyrir æfingar og samskipti. Stjarnan sendir einnig pósta í gegnum Sportabler og tölvupóst um ýmislegt annað utan leikja og æfinga.

Foreldraráð flokksins stofnar Facebook síðu í upphafi hvers árs sem notuð er til að halda utan um félagslegt starf, fjáraflanir, ferðir og mót. Það er einnig í höndum foreldraráðs að uppfæra þennan hluta handbókarinnar eins og við á hverju sinni. Foreldraráð stofnar einnig samskipamáta til að halda utan um skipulag innan ráðsins. Gott er að nýta Google docs til að hafa yfirsýn yfir starfið fyrir foreldraráð



HELSTU VERKEFNI

Mót innanlands
Símamótið
TM mót Stjörnunnar

DAGSKRÁ TÍMABILSINS

SEP Flokkaskipti

OKT Foreldrafundur og foreldraráð myndað

NÓV

DES Jólafrí seinni part desember

JAN

FEB

MAR

APR TM mót Stjörnunnar

MAÍ

JÚN

JÚL Símamótið í Kópavogi / KSÍ frí seinni part júlí

ÁGÚ

6. FLOKKUR KK



Í 6. flokki karla eru strákar á níunda og tíunda ári.

Stærsta verkefni tímabilsins er Orkumótið í Eyjum. Einnig tekur flokkurinn þátt TM móti Stjörnunnar. Nokkur önnur mót eru í boði fyrir þennan aldursflokk og er það í höndum þjálfara og foreldraráðs hvort farið verði á einhver slík.

Liðsskipan er í höndum þjálfara.

ÆFINGAR

Flokkurinn æfir að jafnaði 3x í viku í 60 mínútur í senn. Lagt er upp með að iðkendur haldi áfram að kynnst íþróttinni, læri grundvallaratriði og skemmti sér. Æfingarnar fara fram á Stjörnusvæðinu og í Miðgarði.

SAMSKIPTI

Þjálfarar nota Sportabler fyrir æfingar og samskipti. Stjarnan sendir einnig pósta í gegnum Sportabler og tölvupóst um ýmislegt annað utan leikja og æfinga.

Foreldraráð flokksins stofnar Facebook síðu í upphafi hvers árs sem notuð er til að halda utan um félagslegt starf, fjáraflanir, ferðir og mót. Það er einnig í höndum foreldraráðs að uppfæra þennan hluta handbókarinnar eins og við á hverju sinni. Foreldraráð stofnar einnig samskipamáta til að halda utan um skipulag innan ráðsins. Gott er að nýta Google docs til að hafa yfirsýn yfir starfið fyrir foreldraráð



HELSTU VERKEFNI

Mót innanlands
Orkumótið í Eyjum
TM mót Stjörnunnar

DAGSKRÁ TÍMABILSINS

SEP Flokkaskipti

OKT Foreldrafundur og foreldraráð myndað

NÓV

DES Jólafrí seinni part desember

JAN

FEB

MAR

APR TM mót Stjörnunnar

MAÍ

JÚN Orkumótið í Eyjum

JÚL KSÍ frí seinni part júlí

ÁGÚ

6. FLOKKUR KVK



Í 6. flokki kvenna eru stelpur á níunda og tíunda ári.

Stærsta verkefni flokksins er Síamótið í Kópavogi. Nokkur önnur mót eru í boði fyrir þennan aldursflokk og er það í höndum þjálfara og foreldraráðs hvort farið verði á einhver slík.

Liðsskipan er í höndum þjálfara.

ÆFINGAR

Flokkurinn æfir að jafnaði 3x í viku í 60 mínútur í senn. Lagt er upp með að iðkendur haldi áfram að kynnst íþróttinni, læri grundvallaratriði og skemmti sér. Æfingarnar fara fram á Stjörnusvæðinu og í Miðgarði.

SAMSKIPTI

Þjálfarar nota Sideline fyrir æfingar en Sportabler fyrir samskipti. Stjarnan sendir einnig pósta í gegnum Sportabler og tölvupóst um ýmislegt annað utan leikja og æfinga.

Foreldraráð flokksins stofnar Facebook síðu í upphafi hvers árs sem notuð er til að halda utan um félagslegt starf, fjáraflanir, ferðir og mót. Það er einnig í höndum foreldraráðs að uppfæra þennan hluta handbókarinnar eins og við á hverju sinni. Foreldraráð stofnar einnig samskipamáta til að halda utan um skipulag innan ráðsins. Gott er að nýta Google docs til að hafa yfirsýn yfir starfið fyrir foreldraráð



HELSTU VERKEFNI

Mót innanlands
Síamótið
Lindexmótið
TM mót Stjörnunnar

DAGSKRÁ TÍMABILSINS

SEP Flokkaskipti

OKT Foreldrafundur og foreldraráð myndað

NÓV

DES Jólafrí seinni part desember

JAN

FEB

MAR

APR TM mót Stjörnunnar

MAÍ

JÚN Lindexmótið á Selfossi

JÚL Síamótið í Kópavogi / KSÍ frí seinni part júlí

ÁGÚ

5. FLOKKUR KK



Í 5. flokki karla eru strákar á ellefta og tólfta ári. Flokkurinn tekur þátt í tveimur KSÍ mótum, Faxaflóamótinu sem er yfir vetrartímann og Íslandsmótinu sem hefst á vorin og er fram í lok sumars.

Stóra verkefni flokksins er N1 mótið á Akureyri sem haldið er í júlí. Mikilvægt er að huga að undirbúningi þess strax í upphafi tímabils.

Nokkur önnur mót eru í boði fyrir þennan aldursflokk og er það í höndum þjálfara og foreldraráðs hvort farið verði á einhver slík.

Liðsskipan er í höndum þjálfara.

ÆFINGAR

Flokkurinn æfir að jafnaði 4x í viku í 60 mínútur í senn. Getuskipt er að hluta og fer það eftir stærð hóps. Æfingarnar fara fram á Stjörnuvæðinu og í Miðgarði.

SAMSKIPTI

